

# LITID Í LESTRAR BÓK EFTIR DR. HELGA PJETURSS

## I.

Jeg var að líta í hina nýju útgáfu af lestrarbók próf. Sigurðar Nordals. Ekki samt til þess að gæta að því, hvort þar væri nokkuð eftir mig, því að þrátt fyrir aðdáun mína á S. N. og háskólanum, hefir mjer ekki til hugar komið, að búast þaðan við nokkrum stuðningi við mann eins og mig, eða mitt málefni. Jeg ætlaði að gæta þar að Gunnars-hólma Jónasar, því að mjer var forvitni á að vita, hvort þar væri endurtekin villa, sem jeg hefi rekið augun í hvar sem jeg hefi sjeð þetta kvæði prentað. Jú, þarna var hún ennþá einu sinni, ekki brugðið til batans. Einnig í lestrarbók þessari stendur: „með hjálminn skygnda, hvítri líkan mjöll“; og „En spegilskyggnd í háu lofti ljóma — hrafntinnubök-in yfir svörtum sal“.

Þetta er vitanlega rangt, og á að vera: með hjálminn skygða o. s. frv., og: spegilskygð í háu lofti ljóma o. s. frv. Að skygna þýðir að skoða (skoða vandlega, sbr. að skygna egg), skygn þýddi til forna, sá sem er sjáandi eða hefir skarpa sjón; „skygnur“ augu (í óvirðulegri merkingu, líkt og „glyrnur“). En að skyggja er að fægja, gera einsog skuggsjá, spegil, gljáandi, og má því vel kalla skygt það sem er gljáandi, ljóm-andi, svo sem jökull eða hrafntinna. Og má í þessu sambandi minna á það, að á Heklu er að vísu jökull, en engin hrafntinna, en hún er ekki langt þaðan. Því að Tindafjöll eru að nokkru gerð af mjög stórkostlegu hrafntinnu-hrauni. En ekki veit jeg til að það hafi kunnugt verið fyr en 1910, og gegnir furðu nokkurri, að þetta merkilega hraun skyldi svo lengi dyljast.

Auðvitað veit hver íslensku-  
 kennari og fjöldi annara manna,  
 hina rjettu þýðingu orðanna „að  
 skygna“ og „að skyggja“, en þó  
 er það sem hér er sagt, ekki ó-  
 þarft, ef það gæti orðið til þess  
 að menn færu að fara rjett með  
 hið ljómandi kvæði, og prenta  
 það rjett.

## II.

Skríttin þykir mér sú aðfinn-  
 ing við lestrarbók þessa, sem mig  
 minnir að jeg hafi sjeð einhvers-  
 staðar, að þar skuli vera nokkuð  
 úr Njólu Björns Gunnlaugssonar,  
 svo stórmerkileg sem Njóla er, og  
 eitthvað eftir Þorstein Gíslason.  
 Jeg minnst þess, að Þorsteinn  
 Erlingsson sagði við mig, ein-  
 hverntíma nálægt 1910, að (af  
 þeim skáldum sem þá voru uppi)  
 þætti sjer Þ. G. líkastur Jónasi  
 Hallgrímssyni að málsnild. Með  
 rjettu má finna það að bók þess-  
 ari, einsog svo mörgum öðrum, að  
 letrið er of dauft. Ætti að gefa  
 gaum að því, að prentsvertan væri  
 ekki til бага spöruð, því að slíkt  
 er lesendum óþarfa augnraun, en  
 sjónin dýrmæt. Og má geta þess  
 um leið, að ef menn vildu geta  
 fegurðar einsog bækur eiga skil-

ið, þá ætti alla aðra líti að nota  
 til prentunar fremur en svertuna.

## III.

Gott er að sjá þarna það sem  
 Konráð Gíslason skrifar um Jón-  
 as Hallgrímsson. Hefir Jónas orð-  
 ið engu síður hetjulega við dauða  
 sínum en Þormóður Kolbrúnar-  
 skráld. Vel segir Konráð það, að  
 flest af því, sem Jónas hafði eft-  
 ir sig látið, „komist í engan sam-  
 jöfnuð við það sem í honum bjó,  
 og að það geti ekki sýnt til hlít-  
 ar hvílkur hann var sjálfur í  
 raun og veru“. En það sem á eft-  
 ir kemur virðist mér lýsa nokkr-  
 um misskilningi eða skilnings-  
 skorti af því tagi sem að vísu ger-  
 ir mjög vart við sig ennþá. Menn  
 rita um t. d. Gest Pálsson eða  
 Kristján Jónsson, og tala um þá  
 bresti í fari þeirra, sem því hafi  
 verið til fyrirstöðu, að þeir gætu  
 notið sín. En þar um öllu þó mestu  
 hinar ömurlega ytri ástæður.  
 Menn voru ekki þögu skilnings-  
 góðir á það, að slíkir menn ættu  
 skilið að geta lifað, þó að það sem  
 þeir stunduðu væri efling hins  
 andlega.

Sig. Nordal á þekk skilið fyrri  
 myndirnar (í „Hetgafelli“), sem  
 sýna hversu líkir þeir hafa verið  
 í sjón Kristján Jónsson og Leo  
 Tolstoi. Og jeg er ekki viss um  
 að Íslendingarnir hafi verið

Met. 14 mör

1942

(Contes à l'écriture)